



Hafnarfirði, 5. október 2020

### **Umsögn vegna breytingar á deiliskipulagi fyrir golfklúbbinn Keili.**

#### **Inngangur:**

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 11. ágúst var samþykkt að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir golfklúbbinn Keili þar sem gerður var byggingarreitur fyrir vélageymslu.

Ein athugasemd barst og nokkrar fyrirspurnir sem fjölluðu um hæð hússins þar sem talið er að það muni skerða útsýni og vera sjónmengun frá húsum í Vallarbyggð. Einnig kemur fram að staðsetningin á húsinu muni valda ónæði vegna umferðar tækja. Lagt er til að húsið verði flutt austan við núverandi hús.

Til þess að bregðast við þessum ábendingum var útbúin skýringarmynd sem sýndi ásýnd hússins frá Vallarbyggð sem fylgir þessari umsögn.

#### **Umsögn:**

Aðkoma véla og tækja verður sú sama og er í dag, en þetta nýja hús mun hýsa tækjakost golfklúbbssins en hluti þess hefur þurft að standa úti, þar sem núverandi áhaldageymsla er of lítil og hefur golfklúbburinn þurft að leigja sér geymslurými yfir vetrartímann.

EKKI er verið að auka á magn tækja né véla, einungis að bregast við plássleysi og mun því enginn aukinn hávaði fylgja hinu nýja húsi. Etv. er hægt að tala um jákvæð áhrif á hljóðmyndun, því í dag þarf að forfæra tæki fram og tilbaka og þá sérstaklega á morgnana, en nýr húsakostur kemur í veg fyrir allt slíkt brölt, því aðgengi að vélum verður talsvert mikil betra.

Hvað varðar að hafa húsið austanmegin við núverandi hús, var sú staðsetning skoðuð en er kostnaðarmeiri og eins þrengir hún að núverandi starfsemi.

Kamburinn sunnan megin við húsið er um 6 m þar sem hann er hæstur, en lækkar niður í ca 3 metra og eins og tölvugerð ásýnd sýnir, stingur húsið sér upp fyrir kambinn.

Til þess að bregðast við athugasendum þá mun mænishæð hússins vera lækkuð um 1 meter og mun því húsið nánast fela sig á bakvið kambinn. Mænishæðin verður því 5 metrar.

Öll umferð vegna byggingu hússins mun vera frá Steinholti, ekki í gegnum aðkomu frá Hamrabýggð

**Berglind Guðmundsdóttir**

landslagsarkitekt

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2

[berglindga@hafnarfjordur.is](mailto:berglindga@hafnarfjordur.is)